



## Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Stjórnarfundur 22.maí 2024

**Staðsetning fundar:** Reitir, Kringlan

**Dagsetning:** mið 22.5.2024 kl. 15:00

**Mætt:** Áróra, Íris, Anna Kristín, Sirrý, Anna Sigríður, Alexander, Elín. Fjarverandi: Sunna

**Fundarritari:** Anna Kristín

GBC Iceland – Grænni byggð –stjórn 2024-2025:

1. Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ), formaður - umhverfisstjóri hjá Reitum – iris@reitir.is
2. Anna Kristín Hjartardóttir (AKH), ritari og varaformaður – EFLA - anh@efla.is
3. Sunna Hrönn Sigmarsdóttir (SHS),gjaldkeri – Reginn – sunna@reginn.is
4. Alexander Helgason (AH), meðstjórnandi– Búseti – alexander@buseti.is
5. Sigríður Ósk Bjarnadóttir (SÓB), meðstjórnandi – Hornsteinn - sirry@hornsteinn.is
6. Elín Þórólfsdóttir (WP), meðstjórnandi – HMS – elin.thorolfsdottir@hms.is
7. Anna Sigríður Jóhannsdóttir (ASJ), meðstjórnandi – annasj.ark@gmail.com

Áróra Árnadóttir (ÁÁ) –framkvæmdastjóri Grænnar byggðar – arora@graennibyggd.is

### Dagskrá fundar:

#### 1. Hlutverk í stjórn, formleg stjórnarskipti

Áróra hélt kynningu á Grænni byggð fyrir nýja stjórnarmeðlimi, sjá glærur í fylgiskjali. Íris bauð sig fram í áframhaldandi formannsstarf, Anna Kristín bauð sig fram til ritarastarfa. Sunna hefur gefið samþykki fyrir því að halda áfram að vera gjaldkeri. Framkvæmd var tilkynning á breytingu á stjórn á skattur.is/ félagasamtök. Stjórnarmeðlimir skrifuðu undir með rafrænni undirskrift á fundinum. Fastur fundatími var ákveðinn 1. miðvikudagur í hverjum mánuði. EÞ býður stjórn til HMS til næsta fundar í júní nk.

Ragnar Ómarsson, Alexandra Kjeld og Olga Árnadóttir fara úr stjórn

Dagskrá næsta fundar:

- Klára að móta dagskrá Dags Grænni byggðar
- Tillögur að framkvæmdastjóra í fæðingarorlofi.

#### 2. Starf vetrarins 2024-2025

##### Dagur grænni byggðar (DGB)

Yfirleitt vel tekið í að halda erindi. Ákveða þema, stefna hefur verið misjöfn, t.d. að bjóða helst fyrirtækjum í 1. og 2. flokki.

Tímarpunktur DGB; síðasta vika í september eða byrjun október.



Rætt var um heppilegt húsnæði, hvorki of stórt né of lítið. Iðnó kemur aftur til greina. Fræðsluerindi, stutt kynning á byggingarefnum, kostar inn á viðburðinn, meðlimir stjórnarfundar byrjuðu að setja niður drög að dagskrá fyrir DGB. Fundamenn ræddu hugmyndir að dagskrá, framsögufólk, þema og ýmis erindi.

### Græna skóflan

Lokafrestur til að tilkynna verkefni lok ágúst. Stjórnin er dómnefndin og má einnig tilnefna verkefni. Dómnefnd þarf að hafa a.m.k. viku til að óska eftir frekari gögnum. Dómnefndin þarf mánuð í dómnefndarstörf, þarf að vera búíð fyrir DGB.

### 3. Önnur mál

#### Leit að nýjum framkvæmdastjóra í ár frá október 2024-október 2025.

Áróra fer í fæðingarorlof í lok október í ár. Ráða þarf staðgengil. Aðeins hálf starf í eitt ár, gæti t.d. verið einstaklingur í námi. Áróra kemur aftur eftir ár.

Spurning um að taka inn markaðsmanneskju til að kynna GB betur út á við. Ung markaðsmanneskja sem kann á nýja miðla og getur auglýst GB. Nota efnið sem þegar er komið á vefinn. ASJ sagði að nemendur í Listaháskólanum þekki ekki GB, þarf að kynna betur í háskólunum.

- Gera þarf áttak í að finna nýja meðlimi í GB, t.d. fleiri frá verktakafyrirtækjum, úrgangsfyrirtæki o.fl.
- Katarzyna getur farið í World building council, getur líka séð um að sækja um styrki og vera staðgengill framkvæmdastjóra. Hún tekur að sér þau störf Áróru sem þarfnast fagþekkingar.
- Ekki nauðsynlegt að framkvæmdastjóri sé með á stjórnarfundum, t.d ef Katarzyna verður staðgengill framkvæmdastjóra þá þurfa stjórnarfundir á ensku. Er þó hefð að framkvæmdastjóri taki þátt í fundum stjórnar.
- Þurfum að leita að markaðsmanneskja þarf líka að hafa fagkunnáttu (umhverfismál, sjálfbærni, sjálfbær mannvirkjagerð) eða setja sig vel inn í það.
- Styrkir greiða launakostnað starfsmanna GB fyrir ákveðin verkefni, aðildargjöld greiða fyrir framkvæmdastjóra í hálfu starfi.

Stjórnin spyrjist fyrir um umsækjanda og hefur til þess 4 vikur, eftir það þarf að auglýsa. Athuga hjá kennurum í háskólum. Sirrí gæti skoða umsóknir sem Hornsteinn fékk í fyrra.

Næsti fundur haldinn 6. júní næstkomandi í húsakynnum HMS. Fleira var ekki gert. Fundi slitið 17:30.